

Geðhjálp skorar á ríkisstjórn Íslands

FRÁ ÁRINU 2003 hefur verið boðið upp á sérstaka kennslu fyrir geðsjúka og heilaskaðaða þar sem slíkt hafði ekki verið í boði áður. Í vetur stunda rúmlega 80 manns nám við þetta samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar.

Áætlað er að kostnaður nemi um 24 milljónum kr. á hverju kennsluári, grundvallað á þörf og byggt á rauntölum sem kynntar hafa verið menntamálaráðuneytinu frá upphafi verkefnisins. Ár eftir ár hefur óvissa ríkt um fjármögnun verkefnisins.

Í desember árið 2004 var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar að tryggja fé til rekstursins og menntamálaráðherra falið að framfylgja þeirri ákvörðun. Við þetta hefur ekki verið staðið. Öllum kennurum hefur því enn á ný

verið sagt upp störfum og ekkert annað blasir við en þessi hópur geðsjúkra og heilaskaðaðra verði sviptur eina möguleika sínum til menntunar við þeirra hæfi.

Stjórn Geðhjálpar beinir eftirfarandi áskorun til ríkisstjórnar Íslands: Tafarlaust verði tryggt fjármagn til rekstursins á yfirstandandi skólaári. Teknar verði upp viðræður milli Fjölmenntar og ríkisstjórnar um framtíðarskipan menntunar fyrir geðsjúka og heilaskaðaða. Stjórnvöld eiga að starfa á grundvelli sáttmála um samfélag og samhjálp, sem bundinn er í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þar segir m.a.: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við hæfi.“ (76. grein). Stjórn Geðhjálpar heitir því að leita allra leiða til að hrinda þessari árás á mannréttindi geðsjúkra.